



Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Breiðdalssetur - Greinagerð

- Febrúar 2013 -

1 Rekstraryfirlit 2012 og áætlun 2013

2 Starfsárið 2012

3 Starfsáætlun 2013





1 Rekstraryfirlit 2011, 2012 og áætlun fyrir 2013

Tekjur:	2011	Tekjur:	2.012	Tekjur:	Áætlun 2013
Fjárlög (Menntamálaráðuneyti)	2.000.000	Framlag Sóknaráætlun	5.000.000	Framlag Sóknaráætlun	5.000.000
Fjáraukalög 2010	7.200.000	Menntamálaráðuneyti	7.020.000	Menntamálaráðuneyti	7.020.000
Breiðdalshreppur					
Vaxtasamningur Austurlands	1.000.000	Vaxtasamningur Austurlands	500.000	Vaxtasamningur Austurlands	500.000
Alcoa	2.291.200	Alcoa	0	Háskóli Íslands samstarfsv.	2.500.000
Aðrir styrkir	400.000	Aðrir styrkir	0	Aðrir styrkir	1.000.000
Önnur innkoma		Önnur innkoma	64.500	Önnur innkoma	150.000
	12.893.211		12.584.500		16.170.000
Gjöld:		Gjöld:		Gjöld:	
Hönnun, uppsetning	1.182.890	Samfélagssýning	2.301.333	Laun sérfræðingar	1.200.000
Uppsetning sýninga	1.655.603	Stefánssýning	175.539	Jarðfræðibæklingur	300.000
		Minjasafn Austurlands	120.558	Silfurbergswerkefni	3.000.000
		Steinasafn	1.165.470		
Laun og launatengd gjöld	6.136.466	Laun og launatengd gjöld	5.080.216	Laun og launatengd gjöld	8.000.000
Vefsíða, augl. og kynningar	370.895	Vefsíða, augl. og kynningar	290.130	Vefsíða, augl. og kynningar	300.000
Ferða- og flutningskostnaður	949.394	Ferða- og flutningskostnaður	391.587	Ferða- og flutningskostnaður	400.000
leiga Gamla Kaupfélagið	740.531	leiga Gamla Kaupfélagið	1.335.371	leiga Gamla Kaupfélagið	1.356.000
		Rafmagn	393.786	Rafmagn	400.000
		Fjargæsla	113.229	Fjargæsla	120.000
Síma- og þjónustugjöld	51.289	Bókhaldsvinna	356.099	Bókhaldsvinna	500.000
Húsgöng, tæki og tól	140.729	Húsgöng, tæki og tól	145.532	Húsgöng, tæki og tól	200.000
Önnur vöru- og þjónustukaup	1.177.761	Breiðdalshreppur	1.136.035	Breiðdalshreppur	50.000
		Annað	60.963	Annað	400.000
	12.405.558		13.065.848		16.226.000
	487.653		-481.348		-56.000

* Framlag Breiðdalshrepps til setursins er í formi aðstöðu og aðkomu starfsmanna hreppsins að rekstri þess, sjá meðfylgjandi samkomulag.



Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan
GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Breiðdalssetur

Í desember 2010 var sjálfseignarstofnunin Breiðdalssetur ses formlega stofnuð og ný stjórn Breiðdalsseturs tók til starfa strax þá um áramótin. Stjórn setursins hefur lagt upp með að vinna áfram að þeim verkefnum sem setrið var þáttakandi í og stóð fyrir. Lögð var áhersla á að fjölbreytt verkefni og nýjar sýningar bættust við. Eins hefur ný stjórn lagt ríka áherslu á þörf fyrir að efla rannsóknartækifæri og bæta menntasvið innan setursins.

Starfsemi Breiðdalsseturs byggir á þrem grunnstoðum.

1. Jarðfræði byggð á verkum Dr. George Walker jarðfræðings sem starfaði við rannsóknir og kortlagningar á Austurlandi á árabílinu 1950-60. Hann byggði mikið af rannsóknarvinnu sinni síðar meir á þeirri vinnu og sagði ávallt að Ísland hefði kveikt áhuga hans á eldfjallafræði sem varð síðar sú grein sem hann varð heimsþekktur fyrir. Breiðdalssetur hefur tekið við mikilvægum gögnum um störf Walkers frá erfingjum hans.
2. Málvísindi byggð á verkum Dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns frá Höskuldstöðum í Breiðdal, sem starfaði lengst af við John Hopkins háskólann í Bandaríkjunum. Stefán var kunnur málvísindamaður og kenndi meðal annars norræn málvísindi og eftir hann liggja m.a. mikil skrif um íslenska og norræna tungu og bókmenntir.
3. Samfélagið er svo þriðja grunnstoðin, þróun þess og uppbygging byggðarlagsins út frá elsta húsi Breiðdalsvíkur sem er Gamla kaupfélagið og hýsir í dag starfsemi Breiðdalsseturs. Húsið sjálft hefur sterk söguleg tengsl við samfélagið og sveitina. Með því að efla þennan þátt er samfélagið þáttakandi í eflingu á starfi setursins. Með því að virkja samfélagið er hægt að flétta saman rannsóknarþætti sem annars væru mjög ólíkir en verða með þessu aðgengilegir og nálæg viðfangsefni, allt frá málvísindarannsóknum til þekkingar á nærumhverfi, til að mynda landslagi og lífríki.





2 Starfsárið 2012

Starfssemi Breiðdalsseturs er að miklum hluta árstíðarbundin þar sem að meðaltali 3 stöðugildi eru við setrið yfir sumarið í tengslum við móttöku gesta og skipulagningu viðburða auk fræðastarfs. Yfir veturinn starfa að jafnaði tveir í hlutastarfi við setrið auk þess sem stjórnarformaður vinnur að ýmsum verkefnum.

Sumarið 2012 störfuðu eftirtaldir aðilar hjá setrinu:

- Christa Maria Feucht jarðfræðingur sem verkefnisstjóri
- Arna Silja Jóhannsdóttir, nemi í þjóðfræði
- Martin Gasser jarðfræðingur, í hlutastarfi við steinasöfn
- Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, í hlutastarfi sem fjármálastjóri

Um veturna starfa Christa og Martin saman í hlutastarfi auk þess sem Stefanía, formaður stjórnar, kemur að ýmsum verkefnum.

Breiðdalssetur sem einnig gengur undir nafninu Gamla Kaupfélagi er einn helsti viðkomustaður ferðamanna sem koma til Breiðdalsvíkur. Fjöldi gesta sem heimsótt hefur setrið hefur aukist stöðugt frá opnun en þeir voru um 2000 sumarið 2012 en 1500 sumarið áður.

Mikilvægustu atriðin voru:

2. Júní Stefánsdagur: Málþing: Dr. Stefán Einarsson

- Sýning: Ljósmyndir Guðjón Sveinssonar og allar bækurnar hans (kaupfélagsrými, 2. hæð), nóv. 2011-sept. 2012
- Sýning: Samfélagssýning „Bernskublið Breiðdalsvík“ - (aðalrými 1. hæð),
- 14. júlí – 1. september (verður að hluta áfram sumar)
- Sýning: Skrifstofa Dr. Stefáns – sýning til frambúðar (herbergi 2. hæð), langtíma
- Sýning: Walkers study – sýning til frambúðar (herbergi 2. hæð), langtíma
- Sýning: Jarðfræði og steinasöfn, frá 4. júlí, langtíma
- Lok ágúst: doktorsnemi frá HÍ notar aðstæður og gögnin Breiðdalsseturs í feldrannsóknarferðinni
- 21./22. ágúst, fjölskyldudagar á Breiðdalsvík í samvinnu við Breiðdalshrepp.
- BS og MS nemar frá Edinborgarháskóla með aðstöðu á Breiðdalssetri
- lok ágúst – 10. sept. með Þorvaldi Þorvaldssyni



Verkefni setursins 2012

Samstarf við Minjasafn- og Héraðsskjalasafn Austurlands. Samstarfssamningur hefur verið undirritaður við Minjasafn Austurlands um skráningu muna í SARP sem og faglega ráðgjöf varðandi þá muni sem setrið ber ábyrgð á og eru hluti af sýningum þess. Jafnframt hefur verið leitað til Héraðsskjalasafns Austurlands um skráningu og geymslu skjala í eigu setursins og er fyrirhugað að leita eftir frekari samstarfi við safnið um kynningu á þeim gögnum sem varðveitt eru í setrinu og í tengslum við það auk þess sem skjalasafnið hefur í sinni vörslu gögn sem tengjast áherslum setursins.

Í byrjun sumarsins voru ljósmyndirnar úr sýningunni frá Guðjóni Sveinssyni rithöfundu, sem var sett upp í október 2011. Auk þess voru allar bækur sem hann skrifaði til sýnis, lánaðar úr bókasafni Breiðdalshrepps. Tvær ljósmyndir voru seldar. Guðjón, sem er einn af upphafsmönnum um endurbyggingu Gamla kaupfélagsins, hefur verið velunnari hússins frá upphafi og er Breiðdælingur í húð og hár.

Stefánsdagur: Laugardag 2. júní 2012 stóð Breiðdalssetur fyrir dagskrá í Eydalakirkju í minningu Stefáns Einarssonar prófessors. Vésteinn Ólason (situr í stjórn Breiðdalsseturs) minntist Stefáns Einarssonar og spjallaði um Heydalaprestana sr. Einar Sigurðsson og sr. Magnús Bergsson, einnig flutti Dr. Andrew Wawn erindi um Stefán Einarsson, Eirík Magnússon og Cambridgeháskóla. Kór Heydalakirkju undir stjórn Daníels Arasonar söng sálma eftir sr. Einar Sigurðsson, m.a. við ný lög eftir Finn Torfa Stefánsson og Daníel Arason. Síðan sagði Smári Ólason (situr í stjórn Breiðdalsseturs frá þjóðfræðasöfnun Stefáns Einarssonar með tóndæmum og syngur Veronikukvæði.

Skráning á gögnum Walkers var að mestu lokið sumarið 2012 og var helstu gögnum komið fyrir í skjalasafni sveitarfélagsins. Jarðfræðingar setursins unnu að skráningu steinasafns Walkers.

Unnið var að því að Breiðdalssetur fengi til varðveislu steinasafn í eigu Björns Björgvinssonar og unnin var áætlun um uppsetningu þess í húsnæði gengt setrinu. Ekki náðust samningar við Björn að þessu sinni en horft er til þess að starfsemi setursins og umrætt steinasafn tengist í framtíðinni. Í stað opnaði Breiðdalssetur í byrjun júlí lítil jarðfræði-og steinasýning. Steinar voru lánaðir hjá Reyni Reimarssyni frá Breiðdalsvík og eigendum Steinásafnsins á Tungufelli í Norðurdal. Hún er í litla herberginu á 2. hæð og stóð sýningin í allt sumar. Á meðan var jarðfræðingurinn og steindasérfræðingur Martin Gasser að leita steina í allt sumar, til að sýningin gæti halist þegar lánaðir steinar yrðu skilað til eiganda. Þetta tókst vel og Breiðdalssetur á núna eintak af langflestum tegundum sem finnst á svæðinu: Quartz, agate, opale..... Það er um það bil 130 stykki að ræða.

Í framtíðinni er horft til þess að setrið haldi utan um steinasöfn á Austurlandi og vinni með eigendum að faglegri skráningu og bættu aðgengi að þeim.

Fyrsta hlutinn sumarsins var einnig unnið við uppsetningu á samfélagssýningu „Bernskublíða Breiðdalsvík“ sem tileinkuð var Gamla kaupfélaginu, sem í dag hýsir starfsemi Breiðdalsseturs. Með því er kaflaskipti hjá setrinu þar sem þriðja þætti grunnstoða þess gerð skil. Sá fyrsti var við formlega opnun



Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



hússins árið 2008 þegar opnuð var jarðfræðistofa tileinkuð Dr. Walker. Annar áfangi var svo síðastliðið sumar þegar stofa tileinkuð Dr. Stefáni Einarssyni var formlega opnuð og svo að loka sýnin, tileinkuð þessu elsta húsi Breiðdalsvíkur. Sýningin var opnuð 14. júlí 2012 og stóð það sem eftir var af sumrinu. Það var ekki síst hennar að við gátum fjölda gestatölunnar okkar yfir 2000 á þessu ári, en dró sýningin margar Íslendingar til okkar. Spjöldin sem tengd eru sýningin verða á vegg næsta sumar, og þýtt úrdrátt úr þeim á ensku og þýsku.

Sýningin endurspeglar sögu atvinnu og byggðar á Breiðdalsvík og hvernig þorpið þróaðist, séð frá bæjardyrum Gamla kaupfélagsins. Samfélagssýningin naut mikilla vinsælda yfir sumarið sérstaklega meðal heimamanna og brottfluttra Breiðdælinga.

Breiðdalssetur var virkur þáttakandi í Fjölskylduhátíð Breiðdals (Breiðdalur brosir við þér) í samstarf við Breiðdalshrepp og var setrið með 2 skemmtiatriði fyrir börn og fullorðna.

Samstarf við Þorvald Þórðarson fyrrverandi prófessor í jarðfræði við Edinborgarháskóla og núverandi prófessor við HÍ. Þorvaldur hefur komið með nemendahópa til Breiðdalsvíkur síðustu 4 ár og mun í starfi sínu hjá HÍ leggja aukna áherslu á skipulagðar námsferðir tengdar jarðfræðirannsóknnum. Einnig var unnið með Leó Kristjánssyni að kynningu á rannsóknnum og gögnum tengdum Silfurbergsnámum á Íslandi. Mikill áhugi er hjá aðstandendum Breiðdalsseturs að vinna frekar með Leó að því að setja upp og miðla upplýsingum um Silfurbergsnámur á Íslandi og mikilvægi Silfurbergs í vísindarannsóknnum. Í haust tók Breiðdalssetur aftur eins og í fyrra á móti nemum í jarðfræði og eldfjallafræðum frá Edinborgarháskóla í Bretlandi sem komu hingað á vegum Dr. Þorvaldar Þórðarsonar sem hefur reglulega komið hingað með jarðfræðinema í rannsóknarferðir. Tveir hópar komu voru til staðar, annarsvegar hópur af B.S. nemum og svo M.S. nemum sem báðir stunduðu rannsóknarvinnu í jarðfræði og eldfjallavísindum á Austurlandi.

Í lok sumarsins notaði doktorsnemi frá HÍ aðstæður og gögnin Breiðdalsseturs í feldrannsóknarferðinni sinni.

Samstarf við Háskóla Íslands, ferðapjónustuaðila og rannsóknastofnanir á svæðinu: Fundað var með Rögvaldi Ólafssyni varðandi mögulegt samstarf við Háskóla Íslands og verið er að vinna drög að samstarfsyfirlýsingu Breiðdalsseturs og Stofnunar rannsóknasetra HÍ - er þar sérstaklega horft til samstarfs við Háskólasetrið á Höfn og Katla Geopark sem HÍ tengist. Unnin var umsókn og styrkur fékkst úr Vaxtarsamningi Austurlands til að vinna að kortlagningu á áfangastöðum tengdum jarðfræði á Austurlandi - samstarfsaðilar í umsókninni eru HÍ, Náttúrustofa Austurlands og Ferðamálasamtök Austurlands. Verkefnið snýr bæði að kortlagningu í þágu vísindanna (í formi rafrænna handbóka) og til handa almennum fræðsluþenkjandi ferðamönnum. Í umsókn til „Íslands allt árið“ var hugmyndin þróuð frekar með því að stækka svæðið og leggja aukna áherslu á þróunar- og fræðslustarf gagnvart ferðapjónustuaðilum og markaðs og kynningarstarf gagnvart ferðamönnum en til viðbótar við fyrrnefnda samstarfsaðila þá kom Austurbrú að þeirri umsókn varðandi fræðslu til ferðapjónustunnar.



3. Starfsáætlun 2013

Starfsmannahald/Stöðugildi:

Á sumrinu	Christa og Martin 100% / Arna Silja 100%
Mái ½ mánuðarins	Christa og Martin 100% / Arna Silja 100%
Sept ½ mánuðarins	Christa og Martin 100%
Á veturna (Jan-mái/okt-des)	Christa og Martin 15% í meðaltali

* Þá vinnur Stefanía formaður stjórnar Breiðdalsseturs fyrir setrið skv. tímataxta.

Janúar Unnið við bæklinginn frá Erlu Dóru, þýða. Óskað eftir framlengingu á Jarðvangs verkefni til Vaxtarsamnings Austurlands en lokið verður við handbók um jarðfræði Austurlands næsta sumar. - Greinagerð vegna starfssemi 2011-2012 unnin ásamt starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 2013 tilbúin. Sótt um styrk til safnasjóðs.

Febrúar Martin og Christa fara í fæðingarorlof um miðjan mánuð. Þýða spjöldin af samfélagssýningunni á þýsku og ensku. Unnið að því að móta samstarf við Náttúrugripasafninu í RKV um handbók um jarðfræði Austurlands og fl. Bæklingurinn Breiðdalsseturs fer í prentun: á íslensku, ensku og þýsk. Samstarfssamningur við Minjasafninu Austurlands tilbúin. Hafin vinna við samstarfsverkefni með Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands með áherslu á rannsóknir Leós á Silfurbergi - undirbúningur sýningar og söfnun gagna.

Mars Fæðingarorlof. Martin vinnur áfram að handbók um jarðfræði Austurlands.

Apríl Fæðingarorlof. Skipulagður aðalfundur líklega í kringum 26. apríl. Unnið áfram að handbók um jarðfræði Austurlands og að sýningu/málþingi um Silfurberg.

Mái Christa og Martin flytja til Breiðdalsvíkur um miðjan maí. -*Setrið opið fyrir túrista frá 20. maí 11-18*

- Spjöldin samfélagssýningar eiga að vera þýdd á ensku og þýsku
- Stutt námskeið fyrir krakka í leikskólanum og/eða skólanum
- Unnið með Stofnun rannsóknasetra v. Silfurbergs

Júní Christa og Martin saman í 100%, Arna Silja 100%

-Setrið opið fyrir ferðamenn kl. 11-18

-Unnið verður við handbók um jarðfræði Austurlands

-8.-9. Júní 2013 málþing á Breiðdalssetri (fólk kemur austur með morgunvél laugardag 8. júní, málþing verður seinni partinn og á sunnudagsmorgun og farið í bæinn verður eftir hádegi á sunnudag.



Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Umræðuefnin verða málfræðileg, væntanlega bæði framburður og örnefni, reynt að tengja það Austurlandi)

Júlí Christa og Martin í 100%, Arna Silja 100%

- Setrið opið fyrir ferðamenn daglega kl. 11-18
- Walkers dag á Fáskrúðsfirði, tengt 50 ára afmæli á doktorsverkefni Ian Gibbson (Doktorsnemi Walkers) en Ian er einn af forsprökkum setursins.
- Unnið verður við handbók um jarðfræði Austurlands
- Unnið með Stofnun rannsóknasetra v. Silfurbergs ofl.

Ágúst Christa og Martin í 100%, Arna Silja 100%

- Setrið opið fyrir ferðamenn kl. 11-18
- Unnið verður við handbók um jarðfræði Austurlands
- Fjölskyldudagar í samvinnu við Breiðdalshrepp
- Málþing og stefnumótunarfundur í tengslum við Silfurbergsverkefni.

September Christa og Martin vinna fram á ~miðjun mánuð 100%

- Setrið opið fyrir ferðamenn til 15. sept. 11-18
- Unnið verður við handbók um jarðfræði Austurlands-> Handbók á að vera tilbúin.
- Undirbúa samstarf við skólana á Austurlandi
- Unnið að hönnun og upplýsingasöfnun vegna Silfurbergssýningar/fræðsluseturs.

Október Fæðingarorlof í Sviss

Christa og Martin vinna á tímakaup ~25 klst á mánuði (15%) að ýmsum verkefnum.

Nóvember Fæðingarorlof í Sviss

Christa og Martin vinna á tímakaup ~25 klst á mánuði (15%) að ýmsum verkefnum.

Desember Fæðingarorlof og frí í Sviss

Christa og Martin vinna á tímakaup ~25 klst á mánuði (15%) að ýmsum verkefnum.

Auk ofangreindra verkefna munu starfsmenn sinna almennum verkefnum og nýjum verkefnum auk þess að taka á móti og sinna rannsóknarnemendum.

Stefanía G. Kristinsdóttir og Christa Maria Feucht

